

Ársskýrsla Skaftfells 2015

Tinna Guðmundsdóttir, júní 2016

Skaftfell

MYNDLISTARMIÐSTÖÐ AUSTURLANDS
CENTER FOR VISUAL ART

Efnisyfirlit

Megináherslur árið 2015	2
Stjórnun og umsýsla	2
Starfsmannahald.....	2
Stjórn Skaftfells	2
Starfsstefna 2014-2016	2
Listrænn stjórnandi 2015-2016	2
Fjárhagur	3
Húsnæðismál og innviðir	4
Starfsaðstaða og verslun.....	4
Leiguhúsnæði.....	4
Vefsíða og myndmerki.....	4
Innlent samstarf.....	4
Bistró.....	5
Geirahús.....	5
Sýningarhald og viðburðir	6
Sýningarsalur.....	6
Bókabúðin-verkefnarými og viðburðir	10
Fræðslustarfsemi	12
Fræðsluverkefni	12
Myndmennt í Seyðisfjarðarskóla	12
Afmælishátíð Sólvalla.....	12
List á landamæra	12
Námskeið.....	12
Vinnustofan Seyðisfjörður.....	13
Gestavinnustofur	13
Umgjörð	13
Gestalistamenn 2015	13
Samstarf og styrkir	13
Umsóknarferli fyrir 2016.....	14
Erlent samstarf	14
Hugleiðingar forstöðumanns	15
Fylgiskjöl	15

Megináherslur árið 2015

Árið 2015 var viðburðaríkt og öflugt starfsár í Skaftfelli. Sýningarhald var þróttmikið með fimm sýningum í sýningarsalnum og fjölda viðburða. Mikil uppbygging var í fræðslustarfseminni þar boðið var upp á viðamikil fræðsluverkefni fyrir grunnskólanema Austurlands ásamt námskeiðum og smiðjum. Gestavinnustofur hóstu yfir 30 alþjóðlega listamenn, þar af einn með styrk frá Norrænu menningargáttina og tvo í samstarfi við Goethe-Institute Dänemark. Mikill uppgangur var í erlendum samstarfsverkefnum og var Skaftfell þátttakandi í fjórum verkefnum: *Frontiers in Retreat*, *Artists as Agents of Institutional Exchange*, *Frontiers of Solitude* og *Discipline today: Climbing Invisible Structures*.

Stjórnun og umsýsla

Starfsmannahald

Alls störfuðu þrjú starfsmenn allt árið, í tæplega tveimur stöðugildum. Tinna Guðmundsdóttir starfaði sem forstöðumaður í 70% starfshlutfalli í janúar og febrúar en frá og með 1. mars var starfshlutfallið 100%. Hanna Christel Sigurkarlsdóttir starfaði sem fræðslufulltrúi í 50% starfshlutfalli á árinu, en tók launalaust leyfi í febrúar. Litten Nyström starfaði í 50% starfshlutfalli sem gestavinnustofufulltrúi frá janúar til lok ágúst, þegar hún lauk störfum. Julia Martin var ráðin í hennar stað og tók við starfinu þann 1. september. Starfsmannafundir voru haldnir 1-2 í mánuði og starfsviðtöl fóru fram í febrúar og mars.

Nokkrir aðilar aðilar unnu yfir sumartímamann í gæslu í sýningarsalnum og umsjón með verslun, Berglind Ágústsdóttir, Paula Prats, Frank Michel og Sanne Huizenga. Auk þessa var Skaftfell með einn lærling, Lisa Paland. Hún var frá byrjun júní til lok ágúst og kom á vegum Hochschule Merseburg, University of Applied Sciences í Þýskalandi.

Stjórn Skaftfells

Kosið var til nýrrar stjórnar á ársfundi í maí 2014 til þriggja ára. Skipaðir voru eftirfarandi:

Bandalag Íslenskra listamanna skipaði Jónu Hlíf Halldórsdóttur, varamaður Kolbrún Halldórsdóttir.

Skaftfellshópurinn skipaði Hönnu Christel Sigurkarlsdóttur, sem er formaður stjórnar, varamaður hennar er Gunnhildur Hauksdóttir. Einnig Fríðu Björk Ingvarsdóttur aðalmanng og varamaður hennar er Markús Þór Andrésson.

Seyðisfjarðarkaupstaður skipaði Svövu Lárusdóttur, sem er ritari stjórnar og varaformaður, varamaður hennar er Vilhjálmur Jónsson.

Fjölskylda Garðars Eymundssonar skipaði Grétu Garðarsdóttur og er varamaður hennar Jökull Snær Þórðarson.

Stjórn fundaði fimm sinnum á árinu. Aðalfundur var haldin 1. júní og var þar samþykkt minnisblað varðandi nýjan samning milli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Skaftfells.

Starfsstefna 2014-2016

Stjórn og starfsmenn Skaftfells unnu eftir starfsstefnu Skaftfells sem var unninn árið 2013 og samþykkt af stjórn 22. janúar 2014. Samkvæmt henni skal innan Skaftfells vera lögð sérstök áhersla á að:

- stunda fagleg vinnubrögð þar sem þróun verkefna, fjármögnun og skipulagning fer fram með góðum fyrirvara.
- halda uppi metnaðarfullu alþjóðlegu sýningarhaldi sem gerir skil framsækinni myndlist eftir bæði upprennandi og leiðandi alþjóðlega listamenn og stuðla að atvinnuuppbyggingu í faginu.
- auka framboð á gestavinnustofum með styrk. Ennfremur þarf að bæta aðbúnað og vinnurými listamanna, aðstoða við framkvæmd verkefna í auknum mæli og aðstoða við fjármögnun kostnaðarsamra verkefna.
- efla sérbókasafnið og sýnileika þess, að þróa fræðslustarf samhliða sýningarhaldi og gestavinnustofustarfsemi og efla samstarf við myndmenntarkennara í grunnskólum Austurlands.

Listrænn stjórnandi 2015-2016

Nýr listrænn stjórnandi tók við á árinu, skoski sýningarstjórninn og rithöfundurinn Gavin Morrison. Gavin þróaði sýningardagskrána með forstöðukonu, sýningarstýrði þremur sýningum og sat í valnefnd 2014 fyrir gestalistamenn árið 2015. Auk þess tók hann þátt í að þróa og fjármaga samstarfsverkefnið *The Assembly of the Hyperboreans*.

„Mér finnst mjög áhugavert hversu mörg hlutverk Skaftfell gegnir fyrir Seyðisfjörð og hvernig miðstöðin þrífst í bæjarlífinu. Ég geri ráð fyrir að þessar aðstæður veiti svigrúm fyrir vangaveltur varðandi samspil samfélagsins

og listaverka í margvíslegum formum, og þannig geti Skaftfell kannað nýjar leiðir til að setja fram þessi sambönd í stærra samhengi, lengra en bæinn og lengra en Ísland.,

Fjárhagur

Í lok árs 2014 var mikil óvissa um rekstrarforsendur Skaftfells. Bæði árin 2013 og 2014 fékkst rekstrarstyrkur frá Menningarráði Austurlands til að fjármagna launakostnað fyrir fræðslu- og gestavinnustofufulltrúa. Menningarsamningar voru lausir og ekki fyrirséð hvernig starfsmannamál myndu þróast ef ekki næðist aukið fjármagn í reksturinn. Það var því mikið haldreipi þegar Skaftfell hlaut 10.000.000 kr. fjárframlag af fjárlögum 2015. Forstöðukona gerði sérstaka greinargerð og kostnaðaráætlun þar sem gert var ráð fyrir að fjárframlagið myndi standa straum af launakostnaði fræðslufulltrúa, gestavinnustofufulltrúa, endurnýjun á skrifstofu- og sýningarbúnaði og húsnæðisviðgerðum.

Samningur milli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Skaftfells var undirritaður 6. júlí 2015. Samningurinn var mjög svipaður fyrri samningum og hefur fjárframlagið staðið í stað síðan 2008. Helstu breytingar voru að samningningstímabilið lengdist úr þremur í fimm ár, í 4. gr stendur að unnið verði að hækkan framlagsins á samningstímabilinu og skerpt var á eftirliti með samningnum. Hlutverk og verkefni Skaftfells var eins í viðauka og undanfarin ár að undanskildu fagráði. Fundur um framkvæmd samninga var haldin 4. nóvember 2015 með fulltrúum Seyðisfjarðarkaupstaðar, Samband sveitafélaga á Austurlandi og Austurbrú eins og samningar kveða um.

Í lok árs 2015 voru eftirstöðvar af skuldabréfi nr 760113 hjá Landsbankanum 6.972.432 kr. Lánið var upphaflega tekið 16. september 2005, alls 8.000.000 kr. í 20 ár. Árið 2014 var samið við útibússtjóra á Egilsstöðum um ný vaxtakjör við bankann og mánaðarlegar afborgarnir eru um 90.000. kr. Afborgarnir klárast árið 2025.

Í lok árs var ljóst að kjarasamningar nokkurra aðilarfélaga Bandalag háskólamanna við Samband íslenskra sveitarfélaga var ekki að ná lendingu. Á næsta rekstrarári er því fyrirséð að komi til launahækkana sem verða afturvirkar.

Tafla 1: Hagnaður/tap síðustu ára

Töluverður hagnaður var af rekstri árið 2015 sem má rekja til viðhaldskostnaðar sem færast yfir á næsta ár.

	2015	2014	2013
Rekstrartekjur	32.111.902	21.696.132	21.034.515
Rekstrargjöld	(29.739.815)	(20.509.893)	(19.828.976)
Vaxtatekjur	26.950	24.469	50.197
Vaxtagjöld	(623.170)	(546.746)	(914.322)
Hagnaður/Tap ársins	1.775.867	663.962	341.414
	2012	2011	2010
Rekstrartekjur	15.206.873	18.352.800	16.033.013
Rekstrargjöld	(14.651.644)	(15.095.643)	(15.942.730)
Vaxtatekjur	29.909	4.705	14.536
Vaxtagjöld	(1.000.585)	(934.368)	(963.875)
Hagnaður/Tap ársins	(970.676)	2.327.494	(859.056)

Skaftfell hefur undanfarin ár getað styrk listamenn til dvalar í gegnum Norrænu menningargáttina Goethe-institute Danemark. Í ár bættust við þrjú erlend samstarfsverkefni. Eins og sjá má fengu listamenn tæplega 2.5 milljónir í gegnum starfsemi Skaftfells. Ef miðað er við listamannalaun 2015, 321.795 kr. á mánuði, náðist að skapa atvinnu í næstum 8 mannmánuði. Ferðakostnaður og ýmis aðkeypt þjónusta vegna erlendra samstarfsverkefna er ekki talið með.

Tafla 2: Styrkir til listamanna

	2015	2014	2013	2012
Norræna menningargáttin	475.626	1.659.269	2.573.767	727.620
Goethe-institute Danemark	439.050	450.807	-	-
Erlend samstarfsverkefni	1.445.400	1.295.270	-	-
Rithöfundalestin	100.000	100.000	100.000	75.000
Alls	2.460.076	3.505.346	2.673.767	802.620

Húsnæðismál og innviðir



Unnið var að viðgerðum og endurbótum við Austurveg 42 um sumar og haust 2015. Gluggarnir á 3. hæð, suðurhlið, voru yfirfarnir og skipt um gler. Eftir stendur að mála gluggana. Leki við suð-vesturhorn hússins hefur aukist undanfarin ár og eftir töluverða rannsóknarvinnu var ákveðið að setja staðbundið dren sem leiðir í niðurfallið fyrir framan geymsluna. Njörður Guðmundsson gróf fyrir brunni og fjárfest var í dælu sem ekki náðist að koma fyrir og verður klárað 2016. Keyptar voru þakrennur og hluti þeirra settur upp í nóvember. Um haustið var öryggiskerfið yfirfarið og samið við nýja þjónustuaðili. Keyptar voru þrjár nýjar tölvur ásamt skjáum, flatskjáir og media spilarar og ýmiss skrifstofu- og sýningarbúnaði s.s. A3 prentara, snúrum og annað smálegt.

Starfsaðstaða og verslun

Í nóvember 2014 var tekin sú ákvörðun að flytja skrifstofur starfsmanna upp á 3. hæð og umbreyta gömlu skrifstofunni í verslun á komandi sumri. Það fyrirkomulag gekk í gegn og var íbúðinni umbreytt í opin vinnurými og skammtímadvalaraðstöðu fyrir gestalistamenn og aðra sem koma að starfsemi. Sambúðin hefur gengið vel og starfsaðstaða starfsfólk verið mjög fullnægjandi. Ekki koma inn jafn miklar tekjur og má því skoða þetta fyrirkomulag í framtíðinni. Gamla skrifstofan var tekin í gegn vorið 2015 og til varð lítil verslun. Rekstur hennar gekk vel seldist varningur fyrir tæpar 325.000 kr.

Leiguhúsnæði

Skaftfell hélt áfram að leigja Austurveg 23 og er það notað sem vinnuástaða fyrir gestalistamenn og sýningarrými undir heitinu Bókabúð –verkefnarými. Þar fóru fram minniháttar viðhald en samleigjendur í Handverksmarkaðinum settu upp nýtt klósett. Forstöðukona samdi við eigandan að mála þakið, í staðin fyrir vangolda leigu árið 2012. Ekki náðist að framkvæmda það sumarið 2015 en keypt var málning og önnur atlaða til að mála þakið er á dagskrá 2016. Miðstöðin leigði einnig áfram Norðurgötu og Hól sem eru nýttar sem gestavinnustofur. Auk þess var Brekka, Austurvegi 42b, tekin á leigu mars- júní 2015, og Nielsenhús, Hafnargötu 14, tekin á leigu, frá 14. sept 2015 til júní 2016.

Vefsíða og myndmerki

Um mitt ár 2013 hófst samstarf við hönnuðinn Darra Úlfsson um að endurgera vefsíðu Skaftfells. Samhliða þeirri vinnu bauðst Darri til að endurhanna myndmerki, lógó, Skaftfells gjaldfrjálst og stjórn þáði það boð. Þessari vinnu var haldið áfram þegar forstöðukonu gafst tækifæri til og ákveðin tæknilegir örðugleikar yfirstignir. Í lok árs var búið að finna út úr öllum helstu vandamálum og setja upp prufuvefsíðu sem virkaði. Ný vefsíða var sett í loftið og nýtt merki tekið upp í ársbyrjun 2016.

Innlent samstarf

Jafnt og árin áður var Skaftfell mjög virkt í innlendu samstarfi. Á vormánuðum sat forstöðukona sem fulltrúi í samráðsveitvangi um gerð nýrrar Sóknaráætlunar Austurlands 2015-2019. Forstöðukona er einnig fulltrúi faggeirans í ferða- og menningarmálanefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar og stjórn Miðstöð Menningarfræða.

Miðstöðvasamband milli hinna þriðja miðstöðva sem starfa á fjórungnum var ekki mjög virkt á árinu. Í sviðslistamiðstöðinni á Egilsstöðum, Sláturhúsið, tók við nýr forstöðumaður um vorið og í Tónlistarmiðstöðinni á Eskifirði var starfandi verkefnastjóri hluta úr ári. Fundað var tvisvar, annarsvegar í febrúar og hinsvegar hittust starfsmenn miðstöðvana á fundi í september.

Blómlegt samstarf við Seyðisfjarðarskóla hélt áfram á árinu og í apríl þegar Menntamálaráðherra heimsótti Seyðisfjarðarskóla var einnig komið við í Skaftfelli til að kynna sér samstarfið. Innan fræðsludeildinnar var einnig mikið

samstarf og samtal við grunnskóla í landshlutanum þegar undirbúningur og framkvæmd á fræðsluverkefni Skaftfells fór fram.

Sýningardeildin var í samstarfi við Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, ið gallerí og einkaaðila. Skaftfell var einnig með framlag í 120 ára afmælishátíð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Opnuð var sýning á listaverkum í eigu kaupstaðarins, haldin var viðburður í Tvísöng og Geirahús var opnað almenningi eftir tveggja ára hlé.

Bistró

Skaftfell Bistró var áfram rekið af Húsaótel ehf og rennur leigusamningur út í lok árs 2018. Fyrirkomulagið við rekstraraðila var með sama sniði og undanfarin ár. Viðhaldi á fyrstu hæðinni er sinnt eftir þörfum af rekstraraðila og starfsfólk Bistrósins vaktar sýninguna yfir vetrartímann. Nauðsynlegt var þó að auka gæslu þar sem eitt verk varð fyrir skemmdum á vormánuðum, sem má rekja að miklu leyti til aukningu ferðamanna til Seyðisfjarðar. Í fyrsta skipti í sögu Bistrósins var mögulegt að hafa opið daglega yfir vetrartíman frá og með haustinu 2015 sem má þakka starfsemi LungA-skólans en nemendur skólans snæða kvöldmat alla virka daga í Bistróinu.

Geirahús



Eftir töluverða viðhaldsvinnu undanfarin ár var Geirahús loksins opnað aftur almenningi á 120 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar, laugardaginn 27. júní. Yfir 60 manns heimsóttu húsið í þá þrjá tíma sem það var opið og mikil almenn ánægja var með framtakið. Yfir sumartímann var hægt að heimsækja húsið og fá stutta leiðsögn í gegnum skrifstofu Skaftfells sem alls 20 gestir nýttu sér. Illa hefur gengið að fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu. og voru upptaldar í síðustu ársskýrslu, en verkefnið er unnið í samstarfi við Miðstöð menningarfræða. Húsafriðunarsjóður styrkti viðhald á gluggum og þótti viðhaldið sem framkvæmt var 2015 ekki samræmast þeirri umsókn. Styrknum var því frestað til 2016 og munu þá gluggarnir í húsinu verða endurnýjaðir. Í vetrarbyrjun var keyptur rafmagnsofn og honum komið fyrir til að halda jöfnu hitastigi í húsinu.

Sýningarhald og viðburðir

Sýningarsalur

Sýningarhald hefur undanfarin ár verið öflugt og fjölbreytt með áherslu á vandaða blöndu af framsækinni samtímalist og hefðbundnari listsýningum, ýmist eftir innlenda eða erlenda listamenn. Í árið 2015 voru settar upp fjórar myndlistasýningar í sýningarsalnum, með yfir tíu listamönnum. Dagskráin var sett saman og sýningarstýrð af listrænum heiðursstjórnanda Skaftfells, Gavin Morrison, og forstöðukonu.

Sýningarsalurinn var opin frá janúar-maí kl. 15-21, júní – ágúst kl. 12:00-18:00 og september-október virka daga frá kl. 12:00-16:00 og laugardaga frá kl. 14:00-18. Sýningar voru vaktaðar frá júlí og ráða þurfi aðstoðarfólk til að standa vaktina.

Raunverulegt líf



Sýningin **Raunverulegt líf** opnaði 11. apríl og stóð til 21. júní. Sýnendur voru Cecilia Nygren (SWE), Lucia Simek (USA), Arild Tveito (NO), Ragnheiður Gestsdóttir & Markús Þór Andrésson. Sýningarstjórn var í höndum Gavin Morrison.

Þessi sýning fjallar um líf raunverulegs fólks, þó um nokkuð óvenjulegt fólk sé að ræða. Hér eru á ferðinni íslenskur listamaður, svissneskur skíðastökkvari, sænskur pólfari og norskur heimspekingur. Þátttakendur sýningarinnar, listafólk og kvikmyndagerðarmenn, setja fram verk um þessa ólíku einstaklinga. Verkin eru sumpart ævisöguleg en ekki ævisögur í hefðbundnum skilningi. Þau segja sögur þessa fólks út frá ákveðnum og oft einkennilegum sjónarhornum. Óvissa er tíð, stundum vegna skáldskapar eða ásetnings en líka vegna ferlisins sem fer af stað þegar einstaklingur verður að viðfangsefni. Fallvaltleiki minnis, fjarvera og/eða túlkun staðreynda og persónuleg frásögn gerir það að verkum að áhorfandi skynjar sífellt að það eru önnur sjónarhorn í boði en þau sem hér eru borin á borð. Þessi uppsöfnun brota og fallvaltleika opnar lendur frjálsar sköpunar og ímyndunarafis, svæði á mörkum mýtu og heimildamyndagerðar.

Listamennirnir á sýningunni smokra sér inn í þilið sem liggur á milli viðfangsefnisins sjálfs og þeirra eigin túlkun – þeir kljást við flækjuna sem myndast þegar persónuleg nálgun á við raunverulegt viðfang. Önnur vídd bætist svo við þegar einstaklingarnir sem fjallað er um hafa hver á sínu sviði mismikla opinbera nærveru. Myndin sem dregin er upp í þessum verkum er oft óhefðbundin og óvænt. Frávik eiga sér stað annaðhvort í gegnum skáldaðar viðbætur við sögur þeirra eða þegar athyglinni er beint að lítt þekktum atriðum og staðreyndum um einstaklingana sem almenningur vissi ekki áður og á kannski ekki að venjast þegar þessi viðfangsefni eiga í hlut. Þessi frávik staðfesta bæði óstöðuleika ævisöguformsins og gefa áhorfendum tækifæri til að endurhugsa það sem talið er vitað um viðfangsefnin. Með sýningunni er ekki verið að setja fram heimildir né heildstæðar ævisögur. Leitast er við að gera að umfjöllunarefni óræða þætti ævisögulegrar frásagnar og sérstaklega hvernig þeir geta sett úr skorðum skynjun og skilning sem svo aftur leiðir hugann að því hvernig yfirhöfðuð maður getur skilið aðra manneskju, gjörðir hennar og líf.

Raunverulegt líf var hluti af utandagskrá Sequences Real-Time Art festival og var kynnt í dagskrá hátíðarinnar. Listamaðurinn Arild Tveito hlaut styrk frá Skrifstofu samtímalista í Noregi og Norska listaráðinu til þátttöku í sýningunni, og var það sérstaklega kynnt í Noregi. Aðrir samstarfsaðilar voru 18 gallerý og Nýlistasafnið sem góðfúslega lánuði verk til sýningarhalds. Uppbyggingarsjóður Austurlands styrkti sýninguna.

Ljósmyndir Nikolas Grabar

Landslag hjartans



Sýningin í tilefni 120 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar fékk titilinn **Landslag hjartans** og var opnuð 25. júní. Til sýnis var úrval listaverka í eigu Seyðisfjarðarkaupstaðar undir sýningarstjórn Þórunnar Eymundardóttur. Elsta verkið á sýningunni var frá 1861 eftir H.A.G. Schiøtt og hafði verið gefið kaupstaðinum í tilefni af 100 afmæli hans. Einnig voru til sýnis málverk eftir Eggert Guðmundsson, Emanuel A. Petersen, G. Wiseman, Garðar Eymundsson, Kristján Hall, Ólöfu Birnu Blöndal og Sigurð Baldvinsson. Yngsta verkið var „Seyðisfjarðarskyggjur“ eftir Dieter Roth sem byggir á slidesmyndum sem Dieter tók af húsum bæjarins veturinn 1988 og sumarið 1995. Ennfremur var „Frásagnasafnið“ til sýnis, sem var tveggja ára söfnunarverkefni sem Skaftfell stóð fyrir að frumkvæði svissneska listamannsins Cristoph Büchel og samanstendur af 214 frásögnum bæjarbúa tekin á tímabilinu 2011-2012.

Málverk Eggerts Guðmundssonar, titill óþekktur, er eina verkið á sýningu sem var pantað af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstað. Tilefnið var bygging félagsheimilisins Herðubreið og vígsla þess fór fram í desember 1956. Eggert dvaldist hér part úr sumri við gerð myndarinnar en sjónarhorn hennar er fjarðarbotninn og bærinn séð frá eyrinni neðan við Eiríksstaði. Á myndinni má sjá ýmiss skip, svo sem landhelgisgæsluskip sem voru hér mikið á þessum tíma sem og síldarbáta en þetta er í síldarævintýrinu miðju.

Málverk Eggerts er yfir þrjú meter að lengd og um einn og hálfur meter að hæð. Það var málað sérstaklega fyrir bíosalinn, elsta hluta félagsheimilisins, og hékk þar árum saman eins og margir Seyðfirðingar muna vel eftir. Á einhverjum tímapunkti var verkið flutt úr Herðubreið og hefur undanfarin ár hangið í fundarsal á efri hæð Íþróttahússins þar sem fáir hafa séð það. Eftir sýningunni lauk var verkið aftur hengt á upprunalega staðsetningu í Herðubreið þar sem Seyðfirðingar og gestir þeirra geta notið þess.

Sýning var unnin í nánu samstarfi við Seyðisfjarðarkaupstað og lauk 5. júlí. Uppbyggingarsjóður Austurlands styrkti sýninguna.



Ljósmyndir Lisa Paland



Ingólfur Arnarsson & Þuríður Rós Sigurbórsdóttir



Laugardaginn 11. júlí opnaði í Skaftfelli sýning á verkum **Ingólfs Arnarssonar og Þuríðar Rósar Sigurbórsdóttur** undir sýningarstjórn Gavins Morrisons. Listamennirnir virðast við fyrstu sýn nota ólíkar leiðir í listsköpun sinni en stefnumót verkanna felst í spurningunni um málaralistina, verkin geta talist til málaralistar án þess að vera eiginleg málverk. Sýningin ýtir undir vangaveltur um efniskennnd og fleti gerir málverk að málverki. Enn fremur veltir hún upp hugmyndum um það hvernig listaverk taka yfir rými eða hvernig þau búa um sig í rýminu og vinna með því, tengja við það, við arkitektúrinn sjálfan, við lóðréttu og lárétta fleti rýmisins sem hvor listamaður um sig hefur hér tekið í sína þjónustu.

Steinsteyptar lágmyndir Ingólfs birtast sem kyrrlát inngrip með óreglulegu millibili á veggjum sýningarrýmisins. Þær er svipaðar að lögun og gerð, flöturinn sem snýr að áhorfandanum hefur verið þússaður niður, sléttaður af natni og grunnaður þannig að hann virðist fullkomlega lygn. Tilbrigðin liggja í hluta ferhyrningsins sem litur hefur verið borinn á, ýmist efri eða neðri hlutar flatanna hafa verið þaktir misdaufum tónum vatnslita. Áhorfandinn stendur hér frammi fyrir grunnspurningum um málverkið. Notkun Ingólfs á steinsteypu staðfestir efniseiginleika málverksins en tengir myndirnar frekar yfir í byggingarlist og við sjálfan vegginn sem verkið hangir á heldur en við myndverk eða málverk í hefðbundnum skilningi. Fínleg litanotkunin og staðfast auga fyrir smáatriðum í áferðarsköpun ljær einnig mýkt sem setur úr skorðum fyrstu og kannski augljósustu ályktun manns um að hér sé á ferðinni hrein naumhyggja.

Á meðan verk Ingólfs hafa með lóðréttu fleti veggjarins að gera beinir Þuríður athyglinni að láréttum gólfpletinum en á sama hátt draga verk hennar fram eðli flatarins sjálfs. Áprentaðir litríkir silkifletir virka eins og málverk sem lögð hafa verið til á gólfinu. Þeim er lyft lítillaga frá gólfpletinum upp á lága stöpla og sumstaðar er flötur þeirra brotin upp með hlutum sem liggja óséðir rétt undir yfirborðinu. Ef trekkur myndast í sýningarrýminu hreyfast verkin þar sem silkið gengur í bylgjum. Þetta verður til þess að formið og gljáandi efniskennnd þeirra verður sýnilegra. Ólíkt hreinni abstrakt Ingólfs eru verk Þuríðar prýdd teikningum af raunverulegum verkum hennar – og ímynduðum, innan þess ramma sem listasýning býður upp á.

Til að ýta enn fremur undir gagnvirknina á milli verkanna og rýmisins flutti raftónlistamaðurinn **Auxpan** hljóðverk á opnuninni. Sýningin stóð til 25. október og var unnin í samstarfi við gallerí i8. Sýning var styrkt Myndlistarsjóði og Uppbyggingarsjóði Austurlands.



Ljósmyndir Paula Prats

Eyborg Guðmundsdóttir og Eygló Harðardóttir




Síðasta sýningin til að opna í sýningarsalnum árið 2015 paraði saman listaverkum eftir Eyborgu Guðmundsdóttur (1924-1977) og Eygló Harðardóttir. Eyborg og Eygló eru listamenn af mismunandi kynslóðum en verk beggja eru óhlotbundin, abstrakt. Miðill Eyborgar var fyrst og fremst málverkið á meðan þrívíddin er ríkjandi í verkum Eyglóar. Sýningarstjóri var Gavin Morrison.

Sýningin teldi fram tveim bálkum verka sem fást við eðli abstrakt myndbyggingar og gefa til kynna með hvaða leiðum form öðlast merkingu og vægi. Með því að setja verk Eyborgar í samhengi við verk Eyglóar kemur í ljós hve viðfangsefni hinnar fyrrnefndu eru enn viðeigandi hjá starfandi listamönnum í dag.

Sýningin opnaði 31. október 2015 og stóð til 14. febrúar 2016. Samstarfsaðilar voru við Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Safn og Arion banki. Bakhjarlar voru Myndlistarsjóður og Uppbyggingarsjóður Austurlands.

Í tengslum við sýninguna var hleypt af stökkunum sjöunda fræðsluverkefni Skaftfells fyrir grunnskólanema Austurlands og ber heitið *Skynjunarstofa um liti og form* sem nánar er fjallað um í næsta kafla.



Ljósmyndir Nikolas Grabar

Bókabúðin-verkefnarými og viðburðir

Twenty-Four Seven

10. janúar
Gideonsson / Londré (SWE)
Bókabúðin- verkefnarými

Still Ruins, Moving Stones

22. – 29. janúar
Jessica Auer (CA)
Bókabúðin- verkefnarými

Listamannspjall #20

20. janúar
Gideonsson/Londré (SE) og Jessica Auer (CA)
Skaftfell Bistró

Listamannspjall #21

12. feb
Cai Ulrich von Platen (DK), Effrosyni Kontogeorgou (GR), Helen Jukes (GB)
Skaftfell Bistró

SUM

1. mars
Kvikmynd eftir Cai Ulrich von Platen (DK)
Herðubreið

No time to look through the mountains?

7. – 8. mars
Effrosyni Kontogeorgou (GR)
Bókabúðin- verkefnarými

Græna hinum megin

Myndbandsverkahátíð: Clemens Wilhelm, Constantin Hartenstein, Julia Charlotte Richter, Marko Schiefelbein, Thomas Taube, Ulu Braun, Bettina Nürnberg & Dirk Peuker Nike Arnold
25. mars
Herðubreið

Kynning

27.-29. mars
Cai Ulrich von Platen (DK)
Bókabúðin- verkefnarými

Salat Dagar

18.-19. apríl
Jan-Michel Harmening (DE)
Bókabúðin- verkefnarými
Hluti af Sequences VII – utandagskrá

Breaking the Frame

19. apríl
Herðubreið
Hluti af Sequences VII – utandagskrá

Listamannspjall #22

7. maí
David Edward Allen (GB/DE), Francesco Bertelé (IT), Halina Kleim (D), Reza Rezaei (CAN)
Bókabúðin- verkefnarými

Konungur norðursins

14. maí
Nemendur í 2.-7. bekk Seyðisfjarðarskóla
Hluti af List án landamæra

Inní, ofaní og undir

14. -31. maí
Aron Fannar Skarphéðinsson
Skaftfell Bistró

Guha

28. maí
Francesco Bertelé (IT)
Bókabúðin- verkefnarými

Sagas

30. maí
Francesco Bertelé (IT) & Nick McMullan (AU)
Bókabúðin- verkefnarými

Myndbandsverk úr Raunverulegt líf

20. júní
Herðubreið
Hluti af sýningunni Raunverulegt líf

by the rivers in the wetlands up in the mountains

26. -30. júní
Halina Kliem
Verslun Skaftfells

denatured

26. júní
David Edward Allen (UK)
Bókabúðin- verkefnarými

Geirahús – opnun

27. júní
Geirahús
Hluti af 120 ára afmælishátíð Seyðisfjarðarkaupstaðar

Samsöngur fyrir börn í Tvisöngur

28. júní
Tvisöngur
Hluti af 120 ára afmælishátíð Seyðisfjarðarkaupstaðar

The Spaghetti Incident

3.-5. júlí
Christian Hansen (DK)
Bókabúðin- verkefnarými

Listamannspjall # 23

4. ágúst
Gerd Aurell, (SE) Jenny Brockmann (DE), Richard Merrill Höglund (US/FR) & Karena Nomi (DK)
Skaftfell, 3. hæð

Stigi

13. ágúst
Gerd Aurell + Karin Aurell (SE)

Bókabúðin- verkefnarými

Fyrirlestur – Frontiers of Solitude

12. ágúst

Markús Þór Andrésson

Herðubreið

Hluti af Frontiers of Solitude

Frontiers of Solitude - Kynning listamanna og umræður

17. ágúst

Diana Winklerova (CZ), Finnur Arnar, Greg Pope (UK/NO), Ivar Smedstad (NO), Karlotta Blöndal & Pavel Mrkus(CZ)

Herðubreið

Hluti af Frontiers of Solitude

Islandia en Islandia

19.-22. ágúst

Carmen Soriano & Miguel Guzmán (SP)

Bókabúðin- verkefnarými

Island Iceland offshore projekt

26.-30. ágúst

Adriana Quaiser, Barbara Signer, Benedikt Stäubli, Björn Magnússon, Felix Jungo, Gregory Hari, Hao Liang, Jiajia Zhang, Jiri Makovec, Marianne Müller, Michael Bodenmann, Patrick Cipriani, Ruth Proctor, Sara Glaxia, Selina Reiterer og Yu Araki

Bókabúðin- verkefnarými

Seyðisfjörður Suite

16. september

Richard Merrill Höglund (US/FR)

Bókabúðin- verkefnarými

Local/Focal/Fluctuant

25. september

Campus novel (GR)

Bókabúðin- verkefnarými

Þögull göngutúr – jurtasafn

3. október

Victoria Brännström (SE)

Utandyra

Listamannspjall #24

15. október

Cristina David (RO), Robertas Narkus (LT) og Victoria Brännström (SE)

Skaftfell, 3. hæð

Netútsending

15.-30. október

Cristina David (RO)

Veraldarvefurinn

Hérna

17. október

Victoria Brännström (SE)

Bókabúðin- verkefnarými

Hluti af Haustroða

Atlandshafs tvíæringur: ósögð saga

16. nóvember

Robertas Narkus (LT)

Bókabúðin- verkefnarými og Norðurgata

Hvað er svona merkilegt við það?

18. nóvember

Heimildarmynd eftir Höllu Kristínu Einarsdóttir

Herðubreið

Tár Zeusar og miðils gjörningur

26. nóvember

Linda Person (SE)

verkefnarými og Norðurgata

Rithöfundalest(ur) á Austurlandi 2015

28. nóvember

Iðunn Steinsdóttir, Jón Gnarr, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Sigurjón Bergþór Daðason og Smári Geirsson

Skaftfell sýningarsalur

Fræðslustarfsemi

Fræðsluverkefni



Sjögunda fræðsluverkefni Skaftfells fyrir Austfirska grunnskóla fékk heitið *Skyrnunarstofa um liti og form*. Verkefnið var unnið í tengslum við sýningu á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur og Eyglóar Harðardóttur sem opnaði í Skaftfelli 31. október. Myndlistarkonan Karlotta Blöndal þróaði og kenndi Skyrnunarstofuna sem var farandlistasmiðja fyrir 5. - 7. bekk. Smiðjan stóð öllum grunnskólum Austurlands til boða þeim að kostnaðarlausu og allir skólar boðuðu þátttöku.

Verkefnið gaf nemendum innsýn inn í myndlist Eyglóar og Eyborgar og kynnti um leið aðferðir til að rannsaka eiginleika lita og forma. Gerðar voru tilraunir með litablöndun þar sem bæði var notast við málningu og ljós. Ennfremur voru skoðuð ströng geometrisk form í samspili við lífrænt form trjágreina og hvernig hreyfing getur haft áhrif á upplifun forma og lita. Verkefnið höfðu beina skírskotun í verk Eyborgar og Eyglóar.

Fyrstu tvær vikurnar í nóvember ferðaðist Karlotta á milli grunnskóla á Austurlandi til að kenna smiðjuna sem tók um 4 kennslustundir. Þeir sem voru búnir að taka þátt í lok árs 2015 voru: Nesskóli, Grunnskóli Mjóafjarðar, Seyðisfjarðarskóli, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Djúpavogs, Grunnskóli Borgarfjarðar Eystri, Fellaskóli, Brúararskóli, Egilsstaðaskóli og Grunnskóli Vopnafjarðar. Alls hafa um 140 nemendur tekið þátt. Vegna ófærðar var ekki hægt að halda smiðjuna í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur en það stendur til bóta í byrjun árs 2016. Verkefnið var einnig styrkt af Barnavinafélaginu Sumargjöf og Bílaleigunni Hertz.

Myndmennt í Seyðisfjarðarskóla

Skaftfell hélt áfram að hafa umsjón með myndmenntarkennslu í Seyðisfjarðarskóla. Kennslan er 4 klst. á viku fyrir 7.-10. bekk og kennari var Þórunn Eymundardóttir. Fyrirkomulagið á kennslunni var sama hætti og árið áður. Á vorönn voru listsmiðjur kenndar í lotum fyrir alla árganga undir leiðsögn mismunandi kennara.

Nokkrir gestalistamenn komu þar að auki að myndmenntarkennslunni. Ber þar helst að nefna Cai-Ulrich sem bauð upp á örlistasmiðju þar sem hann vann með nemendum í 4.-7. bekk við undirbúning að sviðsmynd fyrir skólaskemmtun. Um haustið unnu [Carmen Soriano og Miguel Guzmán](#) með nemendum að gerð korts með uppáhaldsstöðum þeirra á Seyðisfirði. Victoria Brännström bauð nemendum í þögla göngu og útkoman var sýnd á Haustroða. Einnig var eldri nemendum skólans boðið í Herðubreið að sjá heimildarmyndina Hvað er svona merkilegt við það eftir Höllu Kristínu Einardóttur.

Afmælishátíð Sólvalla

Leikskólinn Sólvellir fagnaði 40 ára afmæli sínu vorið 2015 og bað Skaftfell um að þróa með þeim myndlistarverkefni. Fræðslufulltrúi vann með fulltrúum skólans en framkvæmd verkefnisins var fjármagnað af leiksskólanum og Seyðisfjarðarkaupstað. Úr varð gagnvirk hljóðstöð úr endurunnum efnivið á leikvelli barnanna, veggmyndir og fréttablað með efni frá börnunum.

List á landamæra

Fræðslufulltrúi aðstoðaði Seyðisfjarðarskóla við þátttöku í List án landamæra. Þema ársins var hreindýr og nemendur 2.-7. bekk unnu rannsóknarverkefni og gerðu annars vegar þrívíða og hins vegar tvívíða framsetningu á hreindýrum. Niðurstaðan var sýnd í Bókabúðinni í maí. Einnig var sett upp sýning á ljósmyndum eftir Aron Fannar Skarphéðinsson í tilefni af hátíðinni á Vesturveggnum í Bistróinu. Sýningin fékk heitið *Inni, ofaní og undir* og stóð frá 14.-31. maí.

Námskeið

Kanadíski gestalistamaðurinn Raza Rezaí bauð upp á helgarnámskeið í ljósmyndum í maí. Á námskeiðinu var lögð áhersla á þjálfun ljósmyndunar sem byggist á fagurfræði naumhyggju. Námskeiðið var opið öllum og engin námskeiðsgjöld.

Snemma um sumarið var haldin stutt listsmiðja í Hafnargarðinum fyrir 8-12 ára börn. Kennari var Kristján Loðmfjörð og Tinna Guðmundsdóttir. Börnum var boðið að setja sig í spor indíana og reisa tjald. Efniviður fékkst gefins úr Hallormstaðaskógi og var listsmiðjan ókeypis.



fyrsta skipti tókst að þróa og koma á koppinn frístundanámskeiði fyrir börn. Teikinámsskeiðið nefndist Myndin af því sem við sjáum og var haldið 10.-14. ágúst fyrir 6-10 ára börn, í samstarfi við Tónlistaskólann sem hústi námskeiðið. Námskeiðsgjald var 6.500 kr. Kennari var Þórunn Eymundardóttir og var aðsókn mjög góð.

Vinnustofan Seyðisfjörður

Hið árlegu námskeið, Vinnustofan Seyðisfjörður, fyrir nemendur úr Listaháskóla Íslands, í samstarfi við Dieter Roth Akademiuna og Tæknimínjasafnið fór ekki fram árið 2015. Ástæðan fyrir þessu var tilraun til að flytja námskeiðið yfir á haustið og voru því haldin tvö námskeið 2014 í febrúar og október. En samstarfsaðilar voru sammála um að gamla tímasetning, í ársbyrjun, henti betur og verður það fyrirkomulag tekið aftur upp.

Gestavinnustofur

Umgjörð

Á árinu 2015 rak Skaftfell þrjár-fjórar gestavinnustofur samtímis. Norðurgata, Hóll, Brekka og Nielsenhús voru leigðar út í mánuð eða lengra en íbúðin í Skaftelli var notuð fyrir skammtímadvöl, að hámarki 2 vikur. Aðstaðan var leigð út í samtals 28.5 mánuði, en tveir mánuðir voru ónýttur sökum forfalla. Skaftfell var einnig nýtt fyrir listamenn voru að sýna í sýningarsalnum, sýningarstjóra, lærling og starfsmann fræðsluverkefni. Alls komu 32 listamenn þar af tveir íslenskir. Flestir listamenn dvöldu í einn mánuð, eingöngu sex listamenn dvöldu lengur.

Gestalistamenn 2015

1. [Alexandra Ross](#) (UK)
2. [Arild Tveito](#) (N)
3. [Barbro Rakos](#) (US)
4. [Cai Ulrich Von Platen](#) (DK)
5. [Campus Novel](#) (GR)
6. [Carmen Soriano & Miguel Guzmán](#) (ES)
7. [Christian Hansen](#) (DK/NL)
8. [Cristina David](#) (RO)
9. [Curver Thoroddsen](#) (IS)
10. [David Edward Allen](#) (GB/D)
11. [Effrosyni Kontogeorgou](#) (GR)
12. [Francesco Bertele](#) (I)
13. [Gideonsson/Londre](#) (SE)
14. [Halina Kliem](#) (D)
15. [Helen Jukes](#) (GB)
16. [Jan-Michel Harmening](#) (D)
17. [Jenny Brockmann](#) (D)
18. [Jessica Auer](#) (CDN)
19. [Julia Mckinlay](#) (UK)
20. [Liam Sprod](#) (AUS/UK)
21. [Linda Persson](#) (SE/UK)
22. [Lola Bezemer](#) (NL)
23. [Nora Mertes](#) (DE)
24. [Karena Nomi, Peter Dowling & Rob Kennedy](#) (UK/DK)
25. [Ragnheidur Gestsdóttir](#) (IS)
26. [Reza Rezai](#) (CDN)
27. [Richard Merrill Hoglund](#) (US)
28. [Robertas Narkus](#) (LT)
29. [Victoria Brannstrom](#) (SE)

Samstarf og styrkir

Skaftfell hlaut styrk á árið 2015 frá Norrænu Menningargáttinni, sjötta árið í röð, til þess að bjóða tveimur norrænum eða baltneskum listamönnum styrk til dvalarinnar. Victoria Brannström hlaut styrkinn og dvaldi í október - nóvember 2015. Seinni listamaðurinn þurfti að fresta dvöl sinni fram yfir áramót. Goethe-institute Danemark styrkti einnig tvo

listamenn til dvalar í tvo mánuði, [Nora Mertes](#) (DE) og [Halina Kliem](#) (DE). Auk þessa dvöldu [Carmen Soriano](#) og [Miguel Guzmán](#) (ES) í tengslum við verkefnið *Islandia en Islandia*, Micro residency. Victoria Brannström var einnig hluti af listamannaskipti Skaftfells við Slakthusateljéerna í Stokkhólmi. Ingirafn Steinarsson fór í lok árs til Stokkhólm og dvaldi í tvo mánuði þar með styrk.

Umsóknarferli fyrir 2016

Auglýst var eftir umsóknum fyrir gestavinnustofur árið 2016 í byrjun sumars og alls bárust 111 umsóknir, sem er mun minna en á síðasta ári. Erfitt er að skýra af hverju dregur úr aðsókn en líklega má tengja það við að dvalarstyrkir voru ekki auglýstir sérstaklega þar sem ekki lá fyrir niðurstaða frá Norrænu menningargáttinni tímanlega. Gavin Morrison og Gunnhildur Hauksdóttir sátu í valnefnd fyrir 2016. Af þessum fjölda voru 3 íslenskir listamenn, sem er 2 minna en árinu áður. Seint árið 2015 var ákveðið í samstarfi við Goethe-institute Danemark að auglýsa sérstaklega fyrir umsóknum fyrir dvalarstyrk í boði þeira. Umsóknarfrestur fyrir þá umsókn rann út í lok febrúar 2016 og sóttu 140 um dvalarstyrkinn. Alls bárust samanlagt 251 umsóknir fyrir árið 2016

Erlent samstarf

Mikill uppgangur var í erlendum samstarfsverkefnum og var Skaftfell var þátttakandi í fjórum stórum verkefnum: *Frontiers in Retreat*, *Artists as Agents of Institutional Exchange*, *Frontiers of Solitude* og *Discipline Today; Climbing Invisible Structures*.



Frontiers in Retreat mun standa yfir í fimm ár, 2013-2018, er gestavinnustofu og sýningarverkefni á vegum HIAP, Helsinki International Artist Program. Alls eru átta aðilar á bak við verkefnið sem samanstendur af gestavinnustofudvöl, myndlistarrannsóknunum og sýningum sem opna samtímis í öllum gestavinnustofunum árið 2017 og útgáfu í kjölfarið. Verkefnið er styrk frá Evrópusambandinu. Um haustið 2015 fór forstöðukona á tvö málþing í tengslum við verkefnið, til Aizputche í Lettlandi og Utö í Finnlandi. Samhliða var gestavinnustofudvöl og málþing árið 2016 á Seyðisfirðir undirbúið og unnið sérstaklega að fjármögnun. Nánar verður sagt frá verkefninu í næstu ársskýrslu.

Vorið 2015 hófust þrjú ný verkefni. **Artists as Agents of Institutional Exchange** 2015-2016 er samstarfsverkefni við [tranzit.ro/ lași](#) í Rúmeníu og . Verkefnið er fjármagnað með styrk í gegnum [Uppbyggingarsjóð EES frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi fyrir menningararf og samtímalistur](#) og Menningarmálaráðuneyti Rúmeníu. Verkefnið bauð upp á tækifæri fyrir einn íslenskan listamann til að fara í gestavinnustofudvöl í Rúmeníu og forstöðukona valdi Ásdís Sif til þátttöku. Skaftfell tók á móti einum gestalistamanni, Cristina David (RO), í október 2015. Báðir listamenn fengu það verkefni að rannsaka beina útsendingu í gegnum netið og streymdi Cristina nokkrum sinnum á meðan dvöl hennar stóð ásamt að taka þátt í listamannaspjall. Starfsmenn tranzit, Livia Pancu og Delia Bulgaru, komu einnig í heimsókn og tóku þátt í þekkingarskiptum. Ásdís Sif fór svo snemma árs til Rúmeníu.

Verkefnið **Frontiers of Solitude** er samstarfsverkefni milli [Školská 28](#) í Tékklandi, [Atelier Nord](#) í Noregi og Skaftfells. Á tímabilinu apríl 2015 – apríl 2016 tóku 20 listamenn þátt í verkefninu með aðkomu og þátttöku sinni að gestavinnustofudvöl, rannsóknarleiðöngurum, vinnustofum, málþingi og sýningarhaldi. Skaftfell réð Julíu Martin til að sýningarstýra verkefninu og valdi hún sex íslenska listamenn til þátttöku: Finn Arnar Arnarson, Karlottu Blöndal, Kristín Rúnarsdóttur, Þórunn Eymundardóttur, Monika Fryčová, Elvar Már Kjartansson. Verkefni tekur á yfirstandandi umbreytingu landslags og náin tengsl þess milli síðiðnaðarsamfélagsins og náttúru. Þessi þemu eru útfærð með tilliti til menningar landafræði og formfræði svæða staðsett í Tékklandi, Íslandi og Noregi. Verkefnið er fjármagnað með styrk í gegnum [Uppbyggingarsjóð EES frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi fyrir menningararf og samtímalistur](#). Í ágúst 2015

skipulagði Skaftfell 12 daga rannsóknarleiðangur um Ísland með sex listamönnum. Áhrif vatnsaflsvirkjana var skoðuð út frá vistfræðilegu og félagshagfræðilegu sjónarhorni, með áherslu á samspil Kárahnjúkavirkjunar, Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði og Héraðsflóa. Fjórum íslenskum listamönnum var boðið í svipaðar vettvangsferðir til Norður-Noregs þar sem iðnaðarnámuvinnsla og olíuhreinsistöðvar voru skoðaðar og til Tékklands þar sem opin kolagröf var rannsökuð. Lokaafurðir verkefnisins var sýndur í heild sinni í Skolska Gallery, Fotograf Gallery og Ex-Post Gallery í Prag, undir aðstoðarsýningarstjórn Dana Recmanová (CZ), Ivar Smedstad (NO) og Juliu Martin (IS).



Sýningarröðin og gestavinnustofuverkefnið Disipline Today; Climbing Invisible Structures er skipulagt af [Nida Art Colony of Vilnius Academy of Arts \(NAC\)](#) í Litháen, í samstarfi við [Office for Contemporary Art Norway](#), [Nordic Artists' Centre Dale](#) í Noregi [Ars Communis Residency Centre YO-YO](#) í Litháen og Skaftfell. Sýningarstjórar eru Eglè Mikalajūnė og Samir M'kadmi. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá [European Economic Area Financial Mechanism 2009-2014](#) og NAC. Skaftfell auglýsti eftir umsóknum frá íslenskum í gegnum sínar samskiptaleiðir og aðstoðaði sýningarstjóra eftir beiðni. Alls bárust 26 umsóknir þar af átta frá Íslandi. Listakonurnar Gunnhildur Hauksdóttir og Berlind Jóna Hlynsdóttir urðu fyrir valinu og fóru þær báðar í gestavinnustofu dvöl í Litháen. Einnig fór forstöðukona á málstofu og skipulagsfund um verkefnið til Nida, í Litháen haustið 2015. Skaftfell tók á móti Robertas Narkus í október og nóvember 2015. Dvöl hans endaði með viðburði í Bókabúðinni og Norðurgötunni.

Hugleiðingar forstöðumanns

Starfsár Skaftfell 2015 var mjög viðburðaríkt og yfirgripsmikil starfsemi. Til að halda áfram sömu uppbyggingu er nauðsynlegt að tryggja auka fjármagn inn í reksturinn til lengri tíma en árs í senn, 8 milljónir duga skammt þegar vanda skal til verka. Árið 2018 verður Skaftfell 20 ára og er mikilvægt að fara að huga að þeim tímamótum, jafnvel með útgáfu um starfsemi Skaftfells. Húsnæðið að Austurvegi 42 þarfnast meiriháttar viðgerða á jarðhæð, suðurhlíð, sama á við viðbyggingu hússins, 2. hæð. Ráða þarf arkitekt til að taka út húsið og koma með tillögur að endurbótum, jafnvel stækkun svo verði til aðstaða fyrir starfsmenn og íbúðin á 3. hæð geti aftur nýst sem gestavinnustofa. Fjármagn í rekstur og viðhald Geirahúss þarf ennig að að tryggja en lítið hefur þökast í þeim málum.

Fylgiskjöl

1. Veigamestu verkefni fræðslufulltrúa, 2015
2. Samantekt frá gestavinnustofufulltrúa 2015
3. Starfsstefna 2013-2016